

Álagning gjalda fyrir árið 2012.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 8. desember 2011.

1. Ákvörðun útsvarsprósentu í samræmi við bókun byggðaráðs, að útsvarshlutfall árið 2012 verði óbreytt, þ.e. 14,48%. (Samþykkt í byggðaráði 24. nóvember 2011)
2. Álagningarprósenta fasteignagjalda verði;
 - A 0,6% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
 - B 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum (með fyrirvara að reglugerð verði ekki breytt).
 - C 1,2% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 4. desember 2007 og samþykkt um tekjuviðmiðun sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

3. Vatnsgjald verði 0,4% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins, sbr ákv. 7. gr. laga nr. 81/1991 m.br.skv ákv. 3. gr. laga nr. 149/1995.
Hámarksálagning verði kr. 23.990.- á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fái 30% lækkun á vatnsskatti. Lágmarksálagning vegna tengingar við vatnsveitur sveitarfélagsins verði kr. 10.570, og er ekki bundin við að húsnæði hafi verið tengt veitu.
4. Álagning vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.e. sorphirðing og sorpeyðing, verði breytt í samræmi við meðfylgjandi tillögu að breytingu gjaldskrár 40/2011, dags. 8. desember 2011.
5. Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð verði breytt í samræmi við meðfylgjandi tillögu að breytingu gjaldskrár nr. 39/2011, dags. 8. desember 2011.

Afsláttur af fráveitugjaldi til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmiðun sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

6. Lóðarleiga 0,7% af lóðarmati.

Gjöld liða 2, 3, 4, 5 og 6 verði innheimt með 6 gjalddögum mánaðarlega frá 15. febrúar 2011. Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga. Greiðsluseðlar verða sendir út fyrir fyrsta gjalddaga ásamt álagningaseðli. Ekki verða sendir greiðsluseðlar fyrir aðra gjalddaga nema gjaldendur óski sérstaklega eftir því.

Reykholti, þann 8. desember 2011.

Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Bláskógabyggðar